



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið

2021 – 2022

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga (ÞFÍ) var haldinn með fjarfundarbúnaði þriðjudaginn 25. maí 2021 og hófst kl. 16.00. Hulda Karen Daníelsdóttir formaður félagsins setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og útskýrði að fundurinn væri haldinn með þessum hætti, þar sem COVID-19 hamlaði venjubundnu samkomuhaldi. Hulda Karen kynnti dagskrá fundarins sem hafði verið send ásamt skýrslu stjórnar til félagsmanna með tölvupósti nokkru fyrir fundinn. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrána. Hulda Karen tilnefndi Kristínu M. Jóhannsdóttur sem fundarstjóra og Gísla Sigurðsson sem fundarritara. Þar næst tóku við venjuleg aðalfundarstörf, þar sem skýrsla stjórnar um starfsemina 2020-2021 var flutt og ný stjórn kjörin.

Tillaga um aðalmenn í stjórn til tveggja ára: Hulda Karen Daníelsdóttir, Gísli Sigurðsson og Jón E. Gústafsson. Varamenn í stjórn til eins árs: Þórður Bjarni Guðjónsson, Kristín M. Jóhannsdóttir og Sandra Björg Ernudóttir. Fulltrúar afkomenda íslenskra landnema í Vesturheimi: Bev Arason-Gaudet, Edmonton, Alberta og Dianne O'Konski, Lakeville, Minnesota. Áfram sitja í stjórninni næsta starfstímabil þau Þorvarður Guðlaugsson, Erin Jones og Sigurður Rúnar Jónmundsson, sem voru kosin 2020. Guðrún Ágústsdóttir var kosin formaður kjörnefndar. Með henni í nefndinni eru Hjálmar W. Hannesson og Steinn Logi Björnsson. Skoðunarmenn reikninga til eins árs eru Sigurður Þórðarson og Ásgeir Jónsson. Tillaga kjörnefndar var samþykkt óbreytt með öllum greiddum atkvæðum. Að loknum aðalfundarstörfum flutti Helga Ögmundardóttir erindið *Þegar Íslendingar hittu frumbyggja Norður-Ameríku* sem er aðgengilegt hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=UK8QkN2-IV>

Þrátt fyrir viðvarandi COVID-19 ástand lá starfsemi félagsins ekki niðri. Að meðaltali var einn stjórnarfundur haldinn í mánuði, allir á Zoom nema einn sem haldinn var 12. október í Veröld - húsi Vigdísar og á Zoom. Aðrir hefðbundnir viðburðir svo sem Þjóðræknisþingið sem til stóð að halda sunnudaginn 21. nóvember og þátttaka formanns í ráðstefnum og hátíðarhöldum afkomenda Vestur-Íslendinga í Vesturheimi féllu niður. Hefðbundnar heimsóknir samstarfsaðila ÞFÍ í Vesturheimi hingað til lands, féllu sömuleiðis niður, nema heimsókn Dianne O'Konski forseta INLUS í nóvember. Vonir standa til að formenn INLNA og INLUS komi til landsins og ávarpi þing ÞFÍ sem haldið verður þann 21. ágúst 2022.

Fræðslufundur: Á fræðslufundi félagsins sem haldinn var 15. mars sl. hleypti Jónas Þór nýjum vef, <https://vesturfarar.is/>, af stökkunum og kynnti innihald hans. Fundurinn sem haldinn var í húsi utanríkisráðuneytisins var vel sóttur bæði á vettvangi og á netinu, en erindi Jónasar var streymt.

Fréttabréf: Tvö fréttabréf komu út og má nálgast þau hér ásamt eldri fréttabréfum: <https://www.inl.is/frettabref/>

Vefur og Facebook-síður: Mikið efni hefur verið sett inn á Facebook-síður ÞFÍ sem eru tvær. Önnur síðan er svokölluð like-síða þar sem settar eru inn tilkynningar, greinar og annað sem gæti vakið áhuga fylgjenda. Slóðin á þá síðu er <https://www.facebook.com/IcelandicNationalLeague>. Hin síðan er í raun hópur þar sem meðlimir geta sjálfir sett inn efni og tekið þátt í umræðum. Slóðin á hópinn er: <https://www.facebook.com/groups/Thjodraeknisfelagislendinga>. Það sem er birt á Facebook-síðunum birtist einnig á vef ÞFÍ sem er aðgengilegur hér: <https://www.inl.is/>

Verkefni og viðburðir: Mörg og fjölbreytt verkefni rata á borð ÞFÍ. Það sem ber helst að nefna að þessu sinni er ákvörðun stjórnar um að veita tveimur skólum og einum einstaklingi styrki, hvern um sig að fjárhæð 200.000 krónur, til að vinna verkefni sem fjalla á einn eða annan hátt um Vestur-Íslendinga og afkomendur þeirra. Styrkhafar eru Landakotsskóli, Framhaldsskólinn á Laugum og Bryndís Víglundsdóttir vegna verkefna í grunnskólum í Garðabæ. Helstu viðburðir félagsins eru aðalfundur í maí og þing í ágúst eins og tíðkast hefur.

Heiðursráð ÞFÍ: Stjórn ÞFÍ tilnefndi Guðrúnu Nordal formann ráðsins til tveggja ára og tók hún við formennskunni af Halldóri Árnasyni á ársfundi ráðsins sem haldinn var 10. nóvember. Heiðursráðið hefur starfað frá árinu 2013 og kemur saman árlega. Starfsreglur ráðsins voru fyrst settar á stjórnarfundi ÞFÍ 19. ágúst 2013, en breytingar á þeim voru samþykktar á stjórnarfundi ÞFÍ þann 5. apríl sl. Nokkrir fulltrúar heiðursráðsins ásamt formanni og Katelin Parsons, verkefnisstjóra verkefnisins *Ífótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi*, mættu á fund ÞFÍ þann 15. febrúar. Á fundinum gerðu Guðrún og Katelin grein fyrir verkefninu *Ífótspor Árna Magnússonar í Vesturheimi* sem Svavar heitinn Gestsson átti frumkvæði að og hófst árið 2015. Einnig samþykkti stjórn ÞFÍ að veita verkefninu veglegan styrk á þessu og næsta ári. Ný ráðin eru þau Steinþór Guðbjartsson og Elín Hirst.

Samskipti og samstarf við Vesturheim: Vegna COVID faraldursins hafa samskipti ÞFÍ við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi mestmegnis farið fram á netinu á Zoom og Facebook. Formaður ÞFÍ ávarpaði þing INLNA í fyrra og einnig 30. apríl sl. þegar það var haldið á Zoom og færði við þau tækifæri INLNA kveðjur ÞFÍ. Einnig ávarpaði formaðurinn hátíðargesti Deuce of August sem haldin er ár hvert í Mountain ND, en að þessu sinni var hátíðin rafræn. Þrátt fyrir ástandið bar formaðurinn gæfu til að hitta Dianne O'Konski formann INLUS þegar hún kom til landsins sl. haust. Einnig átti formaður fund í Reykjavík sl. sumar með Gwen Sigrid Morgan sem nú er formaður The Icelandic Club of Toronto. Mestu máli skiptir þó upp á samskiptin að gera að fulltrúar INLNA og INLUS sitji í stjórn ÞFÍ eins og nú er hefð fyrir. Formaðurinn mun hitta á Zoom fundi í byrjun maí eða júní nýjan formann INLNA, Ashley Thorvaldson og formann INLUS, Dianne O'Konski, til að ræða samstarfið næstu árin.

Snorraverkefni: Þjóðræknisfélag Íslendinga og Norræna félagið stofnuðu í sameiningu sjálfseignarstofnunina Snorrasjóð sem hefur verið starfrækt frá árinu 1999 og rekur Snorraverkefnið. Megintilgangur sjóðsins er að standa að undirbúningi og framkvæmd Snorraverkefnanna, en þar sem COVID hefur komið í veg fyrir framkvæmdir sl. tvö ár, var ákveðið að ferðast innanlands með hóp íslenskra ungmenna, þátttakenda í Snorri West

verkefninu, sem ekki komst utan sumarið 2020. Eldri Snorrar, þátttakendur í Snorraverkefnum á árum áður, tóku einnig þátt ásamt fleiri áhugasömum, en í hópnum voru alls 17 ferðalangar sem heimsóttu Hofsós og fleiri staði. Af öðrum fréttum af Snorrasjóði má helst nefna að skipulagsskrá hans var endurskoðuð og ný leiðarljós um samstarf Þjóðræknisfélags Íslendinga, Norræna félagsins og Snorrasjóðs voru samin og samþykkt af öllum sem hlut eiga að máli. Einnig afhenti formaður sjóðsins ásamt verkefnastjóra Lilju Dögg Alfreðsdóttur menntamálaráðherra 20 ára afmælisrit sjóðsins. Þrír fulltrúa ÞFÍ sitja í stjórn sjóðsins. Auk Huldu Karenar Daníelsdóttur, sem er formaður sjóðsins, eru það Soffía Óskarsdóttir og Ástrós Signýjardóttir. ÞFÍ styrkir sjóðinn á ýmsan hátt, m.a. með veglegum styrkjum hin síðustu ár. Allt bendir til þess að fjölmargir Snorrar, Snorri Plus og Snorri Alumni Internship þátttakendur komi til landsins í sumar. Frekari upplýsingar um Snorrasjóð og Snorraverkefnið er að finna á heimasíðu sjóðsins, <http://www.snorri.is> og á samfélagsmiðlum undir nafninu @thesnorriprogram.

Þakkir og kveðjur: Þjóðræknisfélagið færir utanríkisráðuneytinu og Ícelandair kærar þakkir fyrir mikilvægan fjárhagslegan stuðning um árabíl sem hefur gert félaginu kleift að sinna umfangsmiklu starfi sínu. Þá þakkar félagið sendiráðum Kanada og Bandaríkjanna á Íslandi og starfsfólki þeirra fyrir mikilsverðan stuðning við starfsemi félagsins. Félagið þakkar einnig samstarfsaðilum í Vesturheimi fyrir gjöfult og gott samstarf jafnt í ár sem á fyrri árum.

Lokaorð: Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn ÞFÍ fyrir ánægjulega samvinnu. Saman höfum við unnið að því að efla samstarf og samskipti Íslendinga við einstaklinga og samtök afkomenda Íslendinga í Vesturheimi á fjölmörgum sviðum. Einnig vinnum við stöðugt að því að fá fleiri aðila til liðs við félagið, ekki síst ungt fólk.

Félagsmönnum öllum þakkar stjórnin stuðning og tryggð við félagið.

Hulda Karen Daníelsdóttir

F.h. stjórnar ÞFÍ, Hulda Karen Daníelsdóttir, formaður